

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 hefur sveitarstjórn Grímsnes- og Grafningshrepps samþykkt eftirfarandi deiliskipulag:

1. *Deiliskipulag frístundabyggðar 2. áfangi Giljatunga/Borgarbrún, Ásgarði í Grímsnesi.*
Skipulagið nær yfir um 69,3 ha svæði sem afmarkast af Þingvallavegi í vestri, núverandi frístundahúsasvæði á jörðinni í suðri, landamerkjum að landi Syðri-Brúar til norðurs og austurs. Gert er ráð fyrir 55 frístundalóðum.
Samþykkt í sveitarstjórn 7. júní 2007.
2. *Deiliskipulag frístundabyggðar í Lyngborgum í landi Minni-Borgar í Grímsnesi.*
Gert er ráð fyrir 30 lóðum, 6.146 m² til 10.370 m² að stærð, á 35 ha svæði sunnan og austan við eldri frístundabyggð í Oddsholti. Gert er ráð fyrir húsum á bilinu 50 m² til 200 m² en nýtingarhlutfall lóða skal ekki fara yfir 0,03.
Samþykkt í sveitarstjórn 26. október 2006.

Ofangreindar deiliskipulagsáætlanir hafa hlotið þá meðferð sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 11. júlí 2007.

Skipulagsfulltrúi uppsveita Árnassýslu,

Pétur Ingi Haraldsson.

B-deild – Útgáfud.: 27. júlí 2007